



Reykjavík, 11. september 2025

MSS25060035


Minnisblað - gönguleiðir og bekkir í borgarlandinu

Á fundi Mannréttindaráðs 12. júní 2025 fór fram kynning á almenninga- og minningarbekkjum í Reykjavík. Í kjölfarið var óskað eftir samantek á því hvernig almennt er staðið að uppsetningu bekkja og skipulagningu gönguleiða í borgarlandinu.

Ákvörðun um staðsetningu göngustíga í borgarlandi er tekin í aðalskipulagi borgarinnar og nánari útfærsla er ákvörðuð í deili- og hverfaskipulagi, sem fá endanlegt samþykki í borgarráði. Vinna við þessar skipulagsáætlanir eru leidd áfram af verkefnastjórum skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Verkhönnun stíganna, þar sem áningarstaðir og staðsetning bekkja er m.a. ákveðin, fer svo fram á skrifstofu samgangna og borgahönnunar á USK í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds á USK, sem sjá um að bjóða framkvæmdina út og hafa eftirlit með henni. Þá er einnig komið fyrir bekkjum á leik- og dvalarsvæðum, almenningsgörðum og á torgum, en þessi svæði tengjast stígakerfi borgarinnar.

Í tengslum við lýðræðisverkefnið *Hverfið mitt* hafa verið settir upp fjölmargir bekkir í borginni. Staðsetningarnar byggja á hugmyndum sem koma frá borgarbúum, en einnig í samtali við starfsfólk hverfastöðva og rýni verkefnastjóra á skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Þá er m.a. skoðað hvar núverandi bekkir eru staðsettir skv. borgarvefsjá og metið hvar má bæta við bekkjum í borgarlandinu. Í borgarvefsjá eru skráðir 1349 bekkir í borgarlandinu öllu.



mynd: skjáskot af borgarvefsjá sem sýnir staðsetningu bekkja í borgarlandinu.





Starfsfólk hverfastöðva borgarinnar, sem heyra undir skrifstofu borgarlandsins á USK, sér um að setja upp nýja bekki og viðhalda þeim sem fyrir eru.

Ábendingar um hvar má bæta við bekkjum berast með ýmsum hætti til starfsfólks borgarinnar, hvort sem er til verkefnastjóra á skrifstofu framkvæmda og viðhalds eða starfsfólks á skrifstofu borgarlandsins. Reynt er að verða við þeim óskum eða beina þeim í farveg.

Nýlega hófst vinna aðgengisfulltrúa Reykjavíkur við verkefni sem miðar að því að greina þörf á úrbótum á setsvæðum í borgarlandinu. Verkefnið byggir m.a. á aðgerðaráætlun aðgengisstefnu borgarinnar og er unnin í samstarfi við verkefnastjóra lýðheilsamála hjá borginni. Verkefnið miðar að því að greina gönguleiðir út frá þjónustumiðstöðvum eldri borgara í borginni og setja niður (eða færa til) bekki á þeim gönguleiðum. Einnig að skoða uppsetningu æfingatækja eða gerð upplýsingaskilta um líkamsræktaræfingar við áningarstaði á umræddum gönguleiðum. Verkefnið verður einnig unnið í samstarfi við verkefnastjóra öldrunarmála á velferðarsviði borgarinnar.

Að lokum má nefna óskir um uppsetningu svokallaðra minningarbekkja, sem Þórólfur Jónsson fjallaði m.a. um á fundi mannréttindaráðs þann 12. júní sl.

Skipulag gönguleiða og ákvörðun um staðsetningu og uppsetning bekkja við þá, fer því fram með ýmiskonar hætti hjá borginni.

Virðingarfyllst,
Bragi Bergsson
aðgengisfulltrúi
*skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis og skipulagssvið*



Reykjavík